



ÓSK UM FRAMLAG Í FORMI HVATNINGAR OG STYRKS

11. febrúar 2015

Kæra sveitarfélag,

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er verkefni sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins. Nú þegar taka um 50 grunnskólar þátt að jafnaði með um 3000 umsóknir á landsvísi. Starfið fer fram allt árið um kring, með uppskeru í lok skólaárs. Tilgangur NKG er að gera einstaklingnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Það er verkefninu mikilvægt að sveitafélögin sýni stuðning sinn í verki. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið um 5 milljónir sem nemur um 55% af kostnaðaráætlun, en hún hljóðar upp á rúmar 9,5 milljónir króna. Upplýsingar um verkefnið og bakland má finna á www.nkg.is.

Tillaga NKG að upphæð styrks
eru 45 til 250 þúsund kr. eftir stærð sveitarfélaga

NKG hefur innihald aðalnámskrár grunnskóla 2011 í forgrunni í starfi sínu, þar er „sköpun“ skilgreind sem ein af grunnþáttum í íslenskri menntun. Þar segir m.a.: „... til að nemendur öðlist sem dýpstán skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu skal m.a. leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi“.

Við hvetjum ykkar til að skoða með hvaða hætti nýsköpunarkennsla fer fram innan ykkar grunnskóla. Sem og hvetja skólastjórnendur, kennara og nemendur með í þá vegferð, að efla nýsköpunarmennt á Íslandi.

Viljum í því tilliti benda á þjónustu sem við bjóðum uppá gjaldfrjálst. Anna Þóra Ísfold, framkvæmdastjóri NKG býður uppá 30 mínútna fyrirlestur um verkefnið fyrir kennara miðstígs, verkgreinakennara og stjórnendur skólans. Fyrirlesturinn er í senn hvatning til teymisins við innleiðingu á nýsköpunarmennt sem og fróðleikur um verkefnið í heild.

Einnig bendum við á handbók í nýsköpunarmennt „Komdu með í uppfinningarferð“ sem fá má gjaldfrjálst fyrir kennarahópinn, hjá Námsgagnastofnun.

Vilji hvatningarverðlaun NKG, verða afhent í annað sinn í vor, sjá nánar í viðhengi.


Velgengni NKG veltur á því hversu vel tekst til með skipulag, framkvæmd og sýnileika. Margar hendur vinna létt verk. Framkvæmdaraðilar vonast eftir að njóta stuðnings ykkar sem fyrr.

Með nýsköpunarkveðju, Anna Þóra Ísfold, framkvæmdarstjóri í síma 615 0574

Kveðja frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG)

- # Bókaðu innblásturs fyrirlestur í þínum skóla

Framkvæmdastjóri NKG kemur í þinn skóla með 20 mínútna fyrirlestur um keppnina og kynnir hvaða leiðir er hægt að fara til að innleiða nýsköpunarmennt þar sem áhersla er lögð á ferlið frá „hugmynd að veruleika“.



Í vinnusmiðjunni fá þátttakendur tækifæri til að að þróa líkan eða frumgerð sem lýsir hugmynd þeirra best.


Markmið okkar er að vera ykkur hvatning og benda á leiðir, hvernig hægt er að vinna með nemendum í lausnum vandamála eigin nærumhverfis með skapandi verkefnum sem hvetja til hugmynda að vöru /uppfinningu. Að fá tækifæri til að vinna að lausn vandamála með eigin hugviti þar sem ferlið frá hugmynd að veruleika er tekið skref fyrir skref, er mikilvægur grunnur til framtíðar.

Best af öllu er að námsefnið styður við kröfur námskrár í grunnskólum.

Sendu bókun á okkur með dagsetningu sem hentar ykkur og við leiðum tíma okkar saman. Netfang: nkg@nkg.is Við getum bæði komið á staðinn og haldið fyrirlesturinn í gegnum Skype.

„Kennsla í nýsköpun hefur verið mikil innspýting fjölbreyttra kennsluhátta í skólanum okkar. Hugsunarháttur barnanna hefur gjörbreyst, þau taka betur eftir umhverfi sínu en áður og eiga frumkvæði að því að hugsa um hvernig leysa megir og bæta það sem á vegi þeirra verður“

-Stefanía Malen Brúaræsskóla





VILJA - Hvatningarverðlaun NKG

Á hverju ári hlýtur kennari/kennarateymi nafnbótina „Nýsköpunarkennari/ar grunnskólanna árið 20xx“ ásamt verðlaunum að fjárhæð 250.000kr

Tilgangur

- Hvetja kennara til dáða, með viðurkenningu á framlagi þeirra, til nýsköpunar kennslu.
- Draga fram, deila aðferðum og hugmyndum sem efla sköpunargáfu nemenda í ferlinu frá hugmynd til framkvæmdar og hvetja til þátttöku í NKG.
- Bæta gæði nýsköpunarkennslu.
- Efla vitund um nýsköpunarmennt í grunnskólum landsins.

Sköpun er einn af grunnþáttum í menntun íslenskra skólabarna frá og með aðalnámskrá 2011.

Viðmið VILJA eru m.a. gæði og fjölbreytileiki við innleiðingu á nýsköpunarmennt, nýsköpun í skipulagi og hönnun, þátttaka í NKG, tenging við nærumhverfi og aðrir þættir sem verða til hliðsjónar vali á verðlaunahafa hvers árs.


Við hvetjum kennara til að sækja um VILJA - hvatningarverðlaun NKG 2015 í rafrænu umsóknarformi á vef NKG.
<http://nkg.is/kennarar/verdlaun>

Það er til mikils að vinna, bæði viðurkenning á starfi, peningaverðlaun að fjárhæð 250.000kr og tækifæri til að láta gott af sér leiða í þágu nýsköpunarmenntar á Íslandi. Þar sem markmið verðlaunanna er að deila mismunandi kennsluaðferðum í nýsköpunarmennt í gagnagrunni NKG geta fyrri verðlaunahafar ekki sent inn nýja umsókn fyrr en að fjórum árum liðnum.

Þróunar- og matsnefnd

Anna Þóra Ísfold, framkvæmdastjóri, NKG, Björn Þór Jónsson, forseti Tölvunarfræðideildar, Háskólinn í Reykjavík
Haukur Arason, dósent í eðlisfræði og náttúrufræðimenntun, Háskóli Íslands, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs, Samtök iðnaðarins, Kristín Lind Steingrimsdóttir, markaðsstjóri, IKEA
Ólafur Loftsson, formaður, Félag grunnskólakennara, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs, Samtök atvinnulífsins.

Bakhjarlar VILJA - Hvatningarverðlauna NKG



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

